



Aðalfundur Hörpu tónlistar – og ráðstefnuhúss ohf.

FUNDARGERÐ

Aðalfundur Hörpu var haldinn fimmtudaginn 15. apríl 2021
og hófst kl. 15:00 í Kaldalóni.

Mætt voru:

Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir - stjórnarformaður Hörpu
Arna Schram – stjórnarmaður Hörpu
Árni Geir Pálsson – stjórnarmaður Hörpu
Aðalheiður Magnúsdóttir – stjórnarmaður Hörpu
Guðni Tómasson -stjórnarmaður Hörpu
Ebba Schram – borgarlögmaður
Þorsteinn Gunnarsson – borgarritari
Birgir Björn Sigurjónsson – fv. fjármálastjóri Reykjavíkurborgar
Steinunn Sigvaldadóttir – fjármála – og efnahagsráðuneytið
Auður B. Árnadóttir – mennta – og menningarmálaráðuneytið
Ásmundur Jónsson – formaður Listráðs Hörpu
Gunnar Guðjónsson
Lára Sóley Jóhannsdóttir -framkvæmdastjóri SÍ
Sighvatur Halldórsson – PwC
Ágúst Kristinsson – PwC
Svanhildur Konráðsdóttir – forstjóri Hörpu
Berglind Ólafsdóttir – starfsmaður Hörpu
Karitas Kjartansdóttir – starfsmaður Hörpu
Thelma Sigurðardóttir – starfsmaður Hörpu
Andri Guðmundsson– starfsmaður Hörpu
Melkorka Ólafsdóttir – starfsmaður Hörpu
Sandra Sif Morthens – starfsmaður Hörpu
Hulda Kristín Magnúsdóttir ritaði fundargerð

Þetta gerðist:

1. Fundarstjórn og fundarritun

Formaður stjórnar setti fundinn, bauð gesti velkomna, og lagði til að Ebba Schram borgarlögmaður tæki að sér fundarstjórn og Hulda Kristín Magnúsdóttir starfsmaður Hörpu ritaði fundargerð. Samþykkt.

2. Könnun á lögmati fundar

Til fundarins var boðað í samræmi við lög og samþykktir félagsins þann 30. mars 2021 með tölvupósti til hluthafa og auglýsingu sem birtist í Fréttablaðinu og á heimasíðu Hörpu þann 1. apríl. Af hálfu hluthafa mætti Steinunn Sigvaldadóttir með umboð frá fjármála- og efnahagsmálaráðherra sem fer með eignarhlut ríkissjóðs (54%) og Þorsteinn Gunnarsson með umboð frá borgarstjóra sem fer með eignarhlut Reykjavíkurborgar (46%). Fundarstjóri

kallar eftir athugasemdum við boðun eða dagskrá fundarins. Engar athugasemdir komu fram og lýsti fundarstjóri fundinn lögmætan. Gengið er til dagskrár.

3. Skýrsla stjórnar og ársreikningur Hörpu 2020

Formaður stjórnar og forstjóri fluttu skýrslur um starfsemina á síðasta ári. Forstjóri kynnti og gerði grein fyrir niðurstöðum endurskoðaðs ársreiknings og helstu skýringum. Ársreikningur, sem stjórn hafði samþykkt og undirritað var borinn upp til samþykktar hluthafa og var hann samþykktur.

4. Ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.

Stjórn leggur til að afkoma ársins yfirfærast til næsta árs og að ekki verði greiddur arður. Samþykkt.

8. Kosning stjórnar

Fyrir fundinum lágu tillögur annars vegar um að eftirfarandi fimm aðilar yrðu kjörnir í stjórn félagsins og hins vegar að Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir yrði kjörin formaður stjórnar.

Tillögurnar voru samþykktar og er stjórn þannig skipuð:

1. Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, formaður
2. Guðni Tómasson
3. Aðalheiður Magnúsdóttir
4. Arna Schram
5. Árni Geir Pálsson

9. Kosning endurskoðanda

Ríkisendurskoðun fer með endurskoðun reikninga félagsins í samræmi við c-lið 1. mgr. 4. gr. laga nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, sbr. og 21. gr. samþykta fyrir félagið.

10. Ákvörðun um greiðslur til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.

Lagt er til að þóknun fyrir setu í stjórn hækki um 10%. Tillagan var samþykkt.


11. Önnur mál

Engin önnur mál og fundurinn fól fundarstjóra og fundarritara að ganga frá fundargerð aðalfundarins til birtingar á heimasíðu félagsins.

Fundi slitið kl. 15:35.



Ebba Schram, fundarstjóri



Hulda Kristín Magnúsdóttir, fundarritari